

21. maí 1986

163

Nr. 59

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gerir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að Kjaradómur hafi með bréfi dagsettu 15. maí 1986 upplýst að vegna seint framkominna greinargerða málsaðila muni ekki auðnast að kveða upp dóma um sérkjarasamninga aðildarfélaga launamálaráðs Bandalags háskólamanna fyrir 21. maí 1986, er lögbundinn frestur til dómsuppkvaðninga rennur út. Beri því brýna nauðsyn til að lengja frest til dómsuppkvaðninga í þeim tilgangi, að Kjaradómur geti fjallað um ágreiningsmál aðila og komist að niðurstöðu.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lög nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna bætist ný grein, ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. skal frestur Kjaradóms til að kveða upp dóma um ágreining um sérkjarasamninga með aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna, frá 21. mars 1986, vera til 15. júlí 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.